

Ed.

899. Frumvarp til laga

[488. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn Orkustofnunar til tveggja ára í senn. Í skipunarbréfi skal nánar kveðið á um starfssvið, starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

2. gr.

Við I. kafla orkulaga bætast þrjár nýjar greinar, sem verða 7., 8. og 9. grein, og breytist röð annarra greina samkvæmt því.

a) (7. gr.)

Iðnaðarráðherra er heimilt að stofna hlutafélag til að markaðsfæra erlendis þá þekkingu sem Orkustofnun ræður yfir á sviði rannsókna, vinnslu og notkunar jarðhita, vatnsorkurannsókna og áætlunargerðar í orkumálum, svo og á öðrum sviðum eftir því sem fært þykir.

Hlutafélagi skv. 1. mgr. er ætlað að standa undir rekstri sínum með tekjum af verkefnum erlendis. Allt starf að markaðsfærslu á sérþekkingu Orkustofnunar erlendis og öll rannsóknar- og ráðgjafarverk hennar erlendis skulu unnin af og á ábyrgð hlutafélagsins. Ábyrgð Ríkissjóðs Íslands á félaginu takmarkast alfarið við framlagt hlutafé.

Hlutafélaginu er heimilt að fengnu leyfi ráðherra að taka þátt í stofnun fyrirtækja ásamt með íslenskum og erlendum samstarfsaðilum í því skyni að vinna sameiginlega að öflun og úrlausn verkefna skv. 2. mgr.

b) (8. gr.)

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa. Sú undantekning skal gilda frá 2. mgr. 47. gr. laga nr. 32/1978 að á aðalfundi skal kjósa stjórn Orkustofnunar til að vera stjórn hlutafélagsins. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um félagið og fer ráðherra sá, sem fer með orkumál, með eignaraðild ríkisins að hlutafélaginu.

c) (9. gr.)

Orkustofnun er heimilt, með leyfi ráðherra, að lána hlutafélagi skv. 7. gr. starfsfólk til starfa við erlend verkefni sem félagið tekur að sér. Slíkt starfsfólk Orkustofnunar telst starfsfólk hlutafélagsins á lánstímanum og skal starfstími hjá hlutafélaginu reiknast með starfstíma viðkomandi sem ríkisstarfsmanns varðandi þau réttindi sem tengd eru starfsaldri. Jafnframt skulu þeir starfsmenn, sem þess óska, halda aðild að lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, enda haldi greiðslur áfram með sama hætti á lánstímanum og verið hefði ef starfsmaður hefði unnið óslitið hjá Orkustofnun. Um réttindi starfsfólksins fer að öðru leyti samkvæmt ráðningarsamningi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkissjóður leggur hlutafélaginu til stofnfé eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, allt að jafnvirði 4 000 000,00 kr. (miðað við verðlag í janúar 1985) árlega árin 1986, 1987 og 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að orkulögum verði breytt þannig, að ráðherra verði veitt heimild til að stofna hlutafélag, er lúti stjórn Orkustofnunar og hafi það hlutverk að markaðsfæra erlendis þá þekkingu, sem Orkustofnun ræður yfir á sviði jarðhitamála, vatnsorkurannsókna og áætlunargerðar í orkumálum. Á liðnum árum hafa umsvif Orkustofnunar erlendis aukizt nokkuð og þykir eðlilegt að sérstakur lögaðili annist þessa starfsemi, sem er að hluta frábrugðin annarri hefðbundinni starfsemi stofnunarinnar. Þar sem um áhætturekstur er að ræða þykir rétt að stofna hlutafélag um reksturinn, þannig að ríkið takmarki áhættu sína af rekstrinum við framlagt hlutafé. Þá er í frumvarpinu lagt til að lögfest verði ákvæði um stjórn Orkustofnunar og að sú stjórn verði jafnframt stjórn hins nýja hlutafélags.

Í bréfi til iðnaðarráðherra, dags. 28. mars sl., gerir orkumálastjóri svofellda grein fyrir málefni þessu:

„Hér með leyfir Orkustofnun sér að leggja til við hæstvirtan iðnaðarráðherra að gerð verði breyting á orkulögum nr. 58/1967 með síðari breytingum. Tilfni þessarar tillögu eru verkefni sem Orkustofnun er farin að starfa að erlendis, í samvinnu við íslenska verkfræðisamsteypu, Virki hf.

Eins og ráðuneytinu er kunnugt hefur Jarðhitadeild Orkustofnunar í samvinnu við Virki hf. og með samþykki þess nú um eins árs skeið boðið í rannsóknar- og ráðgjafarverk á sviði jarðhitanytingar og jarðhitarannsókna í fjórum löndum, þ. e. í

- Norður-Jemen
- Kenya
- Grikklandi
- Eþíópíu

Eitt verk í Grikklandi er þegar í gangi, og samningar standa yfir um annað. Unnið er nú að gerð tilboðs í þriðja verkefnið í Grikklandi. Svör hafa ekki enn borist frá Norður-Jemen eða Kenya, en tilboðið í verkefnið í Eþíópíu kom því miður of seint til að koma til álita, vegna mistaka erlends aðila sem tekið hafði að sér gegn greiðslu að koma því til rétttra aðila fyrir tilskilinn tíma.“

Í orkulögum er ekki gert ráð fyrir að Orkustofnun geti unnið að verkefnum erlendis. Verði framhald á slíkum verkefnum, sem horfur eru á, verður að telja eðlilegt að slík starfsemi ríkisstofnunar fari fram á grundvelli sérstakrar lagaheimildar, ekki síst með tilliti til þess að verkefnaöflun erlendis fylgir viss fjárhagsleg áhætta, sem ekki er eðlilegt að borin sé af fjárveitingum til Orkustofnunar eða sértekjum af verkefnum innanlands. Öll starfsemi Orkustofnunar til þessa, hvort heldur hún er kostuð með framlögum á fjárlögum eða af sértekjum frá íslenskum orkufyrirtækjum, er þjónusta við orkuiðnaðinn á Íslandi og íslenska orkunotendur og greidd af þeim, annaðhvort sem orkunotendum eða skattgreiðendum. Verkefni erlendis eru ekki unnin fyrir þennan hóp og því eðlisóskyld innlendum verkefnum stofnunarinnar. Því ber að halda þessum tveim tegundum verkefna vel aðgreindum fjárhagslega. Því er lagt til að stofnað verði sérstakt hlutafélag til að annast þessi erlendu verkefni Orkustofnunar og að ábyrgð ríkissjóðs á þeim verði takmörkuð við hlutafjárframlag.

Með tilliti til þess að söluvara þessa hlutafélags er sérþekking og reynsla sem til er í Orkustofnun er gert ráð fyrir að stjórn stofnunarinnar fari jafnframt með stjórn þess undir yfirstjórn ráðherra orkumála. Gert er ráð fyrir að samvinna við aðra um þessi erlendu verkefni verði aðalreglan, enda þótt hitt geti líka skeð, að stofnunin vinni þau ein. Slík samvinna getur verið ýmist við einn innlendan aðila, við erlendan aðila eða hvort tveggja í senn. Nauðsynlegur er mikill sveigjanleiki í því efni til að geta fljótt gripið tækifæri sem bjóðast og brugðist án tafar við mismunandi stöðu mála. Er því gert ráð fyrir að hlutafélagið geti, með leyfi ráðherra, gengið til samvinnu við aðra allt eftir því sem heppilegast þykir hverju sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að lögfest verði ákvæði um stjórn Orkustofnunar. Á liðnum árum hafa verið skipaðir fyrir stofnunina sérstakar stjórnir til tveggja ára í senn og hefur það gefið góða raun.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að bætt verði í orkulög þremur nýjum greinum, 7., 8. og 9. gr., er varða heimild til að stofna hlutafélag til að markaðsfæra sérþekkingu Orkustofnunar erlendis.

Um a-lið, nýja 7. gr.

Með greininni er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að stofna hlutafélag er hafi þann tilgang að markaðsfæra erlendis sérþekkingu Orkustofnunar og að öll slík starfsemi Orkustofnunar verði unnin af því félagi. Í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga er gert ráð fyrir að ábyrgð ríkissjóðs takmarkist alfarið við framlagt hlutafé. Þá er í greininni lagt til að félaginu verði heimilt að taka þátt í stofnun annarra fyrirtækja um samstarfsverkefni á þessu sviði.

Um b-lið, nýja 8. gr.

Gert er ráð fyrir að ríkið verði eitt hluthafi og stofnandi hlutafélagsins. Í greininni er undanþáguákvæði frá ákvæðum hlutafélagalaga sem nauðsynleg eru þess vegna.

Um c-lið, nýja 9. gr.

Í greininni er lagt til að Orkustofnun verði heimilt, með leyfi ráðherra, að lána hlutafélaginu starfsfólk vegna verkefna erlendis. Jafnframt er lagt til að réttindi til starfsaldurs og lífeyris starfsfólksins skerðist ekki á lánstímanum, enda greiði hlutafélagið og starfsmenn þess lífeyrissjóðsiðgjöld og önnur gjöld með sama hætti og þeir væru starfsmenn Orkustofnunar, í samræmi við almennar reglur þar um.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir fjárframlagi ríkissjóðs til félagsins á árunum 1986, 1987 og 1988 að fjárhæð kr. 4 000 000,00 fyrir hvert ár á verðlagi í janúar 1985. Til félagsins er stofnað í þeim tilgangi að vera lögpersóna til að sinna ákveðnu hlutverki og til að skapa eigandanum arð. Leggja þarf fram hlutafé í upphafi vegna stofnkostnaðar og til að tryggja góða eiginfjárstöðu fyrstu árin meðan fyrirtækið er að ná markaðsfestu. Að öðru leyti verður að gera kröfu til þess að félagið standi undir rekstri sínum sjálf, auk þess að skila eigandanum arði af hlutafé.